

Ekkjufrúin María Fedorova hlaut þennan páskaglaðning aldamótaárið 1900 frá syni sínum keisaranum. Verðmæti hans liggur á milli 5 og 7 milljóna dollara.



Nikulás II færði móður sinni þetta egg á páskum 1911. Það er metið á 10–15 milljónir dollara.



Þetta Fabergé-egg sem Nikulás II færði keisaraynjunni á páskum 1898 er metið á 12–18 milljónir dollara.



Nikulás gladdi móður sína á páskum 1916 með þessu smáræði. Það er metið á 4–6 milljónir dollara.

Undirbúningur á lokastigi vegna sýningar Ólafs Elíassonar

ÓLAFUR Elíasson er kominn til landsins til að leggja lokahönd á sýningu sína Frost Activity í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi sem opnuð verður eftir viku, laugardaginn 17. janúar.

Að sögn Soffíu Karlsdóttur kynningarstjóra er þetta viðamesta og kostnaðarsamasta sýningarverkefni Listasafns Reykjavíkur til þessa.

„Undirbúningur og uppsetning sýningarinnar hófst um miðjan desember og hefur Hafnarhúsið verið lokað frá 5. janúar vegna undirbúningsins. Tækni- og iðnaðarmenn sem koma að sýningunni eru hátt á þriðja tug og þar af koma margir þeirra frá Þýskalandi, aðstoðarmenn Ólafs Elíassonar og sérhæfðir tæknimenn.

Sýningin verður í fjórum sölum en rík áhersla hefur verið lögð á að gera innihald sýningarinnar ekki opinbert fyrr en á opnunardaginn og gefst því hvorki blaðamönnum né öðrum kostur á að kynna sér verk Ólafs fyrr en þá," segir Soffía.

Í tengslum við sýninguna verður gefin út vönduð sýningarskrá með umfjöllun um listamanninn sem Gunnar J. Árnason ritar. Sýningarskránni er ætlað að varpa sýn á tengsl Ólafs við Ísland og verk sem hann hefur unnið hér eða þar sem hann sækir efniviðinn og uppsprettu verka sinna til landsins. Sjónum er beint að sýningunni í Hafnarhúsinu og kemur skráin því út um hálfum mánuði eftir opnunina.

Morgunblaðið/Porkell



Ólafur Elíasson í Listasafni Íslands í Hafnarhúsinu.

Erlendir fjölmiðlar og listaverkasafnarar

Að sögn Soffíu hefur Listasafnið í tilefni opnunarinnar boðið hingað til lands stórum hópi fjölmiðlafólks og gagnrýnenda og hafa viðtökur verið vonum framar. „Við erum að fá virta ritstjóra, blaðamenn, gagnrýnendur, sjónvarpstökulið og listaverkasafnara frá Danmörku, Þýskalandi, Noregi, Bandaríkjunum, Spáni, Ítalíu og Belgíu. Það er ekki aðeins ávinningur fyrir Listasafnið að fá hingað þessa erlendu gesti heldur hafa hagsmunir íslenskra myndlistarmanna einnig verið hafðir að leiðarljósi. Þannig hefur Listasafn Reykjavíkur fyrir tilstuðlan Dorritar Moussaieff skipulagt ferð fjölmiðlafólksins og listaverkasafnara í vinnustofur íslenskra listamanna og safna. Einnig megum við eiga von á því að heimsókn hinna erlendu blaðamanna muni stuðla að aukinni umfjöllun um menningarlífið í Reykjavík."

Í tengslum við sýninguna hefur verið skipulögð viðamikil dagskrá á vegum safnsins. Haldin verða námskeið og fyrirlestrar fyrir ýmsa aldurshópa þar sem boðið er upp á nánari kynni af verkum Ólafs Elíassonar og blandað er saman ýmist leiðsögn um sýninguna og fyrirlestrum eða leiðsögn og skapandi vinnu. Þá verður efnt til listamannsspjalls með Ólafi í byrjun mars og segir Soffía að viðmælandi hans verði einn af virtari listfræðingum heimsins í dag.

Níu Fabergé-egg á uppboð

BRESKA uppboðsfyrirtækið Sotheby's tilkynnti á föstudag að níu Fabergé-skrautegg úr Forbes safninu yrðu seld á uppboði í New York dagana 20. og 21. apríl. Búist er við að eggin níu seljist samtals á um 90 milljónir dollara.

Eggin sem gullsmíðameistarinn Carl Fabergé framleiddi fyrir Nikulás II Rússakeisara hafa stundum verið sögð eitt af undrum veraldar. Aðferðir hans og handverksmanna sem unnu undir hans stjórn eru mönnum enn leyndarmál og er sagt að hann hafi tekið þær með sér í gröfina. Gull, gimsteinar, silfur og perluskel eru meðal þeirra góðmálma og steina sem Fabergé notaði við skreytingu eggjanna og hafa sjálfsagt aldrei, hvorki fyrr né síðar, verið gerð önnur eins dýrindispáskaegg í veröldinni. Fabergé-eggin eru talin hafa verið 50 að tölu og hurfu sjónum manna eftir að bolsévikar réðust inn í Vetrarhöllina í Pétursborg í rússnesku byltingunni 1918. Nokkrum árum síðar reyndu Stalín og samstarfsmenn hans að koma Fabergé-djásnunum í verð á Vesturlöndum en verðið sem fékkst var langt undir raunvirði. Mörg eggjanna bárust til Bandaríkjanna í byrjun 4. áratugarins og seldust þar fyrir aðeins nokkur hundruð dollara stykkið. Aðeins 10 urðu eftir í hvelfingum Kremlar. Í dag er vitað um 42 egg en 8 hafa aldrei fundist.



Reuters

Nikulás II Rússakeisari færði eiginkkonu sinni, Alexöndru Federovu þetta Fabergé-egg á páskum 1911. Búist er við að það seljist á 10 –15 milljónir dollara.

Frönskunámskeið
hefjast 19. janúar

AllianceFrançaise
Tryggvagata 8, 101 Reykjavík
Sími 552 3870
http://af.ismennt.is • af@ismennt.is

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.
- Taltímar og Einkatímar.
- Námskeið fyrir börn.
- Viðskiptafranska.
- Lagafranska.

Innritun í síma
552 3870 og 562 3820

enska er okkar mál
Enskuskólinn

Námsflokkar Hafnarfjarðar
Miðstöð símenntunar

Enskunámskeið í Hafnarfirði

Námsflokkar Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar, í samstarfi við Enskuskólann, bjóða upp á fjölbreytt úrval enskunámskeiða í vetur sem henta öllum þeim er áhuga hafa á að bæta sig í ensku, hvort sem um er að ræða algera byrjendur eða þá sem eru lengra komnir.

- Frítt kunnáttumat og ráðgjöf
- Sérstök áhersla á talmál
- Hámark 10 í bekk
- Enskumælandi kennarar
- 10 vikna námskeið



Julie Ingham

Einnig eru í boði talnámskeið fyrir börn 8–12 ára.

Kennsla hefst 27. janúar og lýkur 1. apríl (20 stundir – 10 skipti).
Fyrir börn hefst kennsla 2. febrúar og lýkur 7. apríl (20 stundir – 10 skipti).

Skráning og frekari upplýsingar:
Skrifstofa Námsflokka Hafnarfjarðar,
Skólabraut (í gamla Lækjarskóla), sími 585 5860.

www.namsflokkar.hafnarfjordur.is

www.enskuskolinn.is